

Ed.

64. Frumvarp til hjúkrunarlags.

[60. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Rétt til að stunda hjúkrun hér á landi og kalla sig hjúkrunarkonu eða hjúkrunarmann hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá hjúkrunarskóla hér á landi eða prófi í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands.

Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi nefndar, er ráðherra skipar. Nefndin skal skipuð 3 mönnum og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

3. gr.

Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Nefnd sú, er um ræðir í 2. gr., gerir tillögur um sérnám í hjúkrun, sem ráðherra staðfestir. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna tvær sérfróðar hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þær þá atkvæðisrétt í nefndinni.

Nefndin skal einnig fjalla um sérfræðileyfi.

4. gr.

Ekki má ráða aðra en hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn samkv. 1. gr. til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

5. gr.

Hjúkrunarkonu og hjúkrunarmanni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér þær nýjungar, er varða hjúkrun.

Ráðherra getur sett reglur um viðhaldsmenntun.

6. gr.

Hjúkrunarkonu og hjúkrunarmanni er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er þau fá vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað, og helst þagnar-skyldan, þótt þau láti af starfi.

Skylda til þess að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

7. gr.

Ef hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis skal landlæknir áminna þau. Komi áminningin ekki að haldi, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að hlutaðeigandi skuli sviptur hjúkrunarleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður verið svipt hjúkrunarleyfi samkv. 1. mgr., er þá ráðherra heimilt að veita þeim leyfið aftur, enda liggi fyrir meðmæli landlæknis.

8. gr.

Heimilt er að þjálfá sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

Ákvæði 6. og 7. gr. gilda einnig um sjúkraliða eftir því, sem við á.

9. gr.

Heilbrigðismálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um efni laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál út af brotum á löggjöfinni skal fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt löggjöfinni renna í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld hjúkrunarlög nr. 42 12. maí 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er niðurstaða endurskoðunar á eldri hjúkrunarlögum, sem unnið var að í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á s. l. sumri.

Aðalástæðan fyrir endurskoðun þessari var sú, að í eldri lög var talið vanta ákvæði um sérnám í hjúkrun og viðurkenningu á því.

Hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn hafa stundað sérnám í hjúkrun erlendis og í einstaka greinum í sjúkrahúsum hér á landi. Þörf er á reglum um þetta nám, svo að endurskoða megi það og samræma. Ákveðnar lágmarkskröfur þarf að gera varðandi námsefni og námstíma.

Að námi loknu yrði veitt viðurkenning í formi löggildingar til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Tillögur hafa komið fram um nýtt samheiti fyrir þá, sem lokið hafa hjúkrunar-námi.

Rætt hefur verið um orðin hjúkrir, hjúkri, hjúkrari og hjúkrunarfræðingur.

Vonast er til, að Hjúkrunarfélag Íslands hafi komið fram með ákveðna tillögu um slíkt heiti, áður en meðferð frunvarpsins á Alþingi er lokið.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er tekið fram að ráðherra veiti hjúkrunarleyfi og þá rétt til að stunda hjúkrun að námi loknu. Þegar Hjúkrunarskóli Íslands var eini hjúkrunarskólinn hér á landi, gaf prófskirteini frá skólanum réttindi til hjúkrunarstarfa, sbr. reglugerð fyrir Hjúkrunarskóla Íslands frá 19. nóv. 1968. Nú, þegar nýjar námsbrautir koma í hjúkrun t.d. innan Háskóla Íslands, þykir eðlilegt að ráðuneytið veiti öll hjúkrunarleyfi. Það er og í samræmi við leyfisveitingu til annarra heilbrigðisstétta.

Rétt þykir að nefnd fjalli um umsóknir þeirra, er sækja um hjúkrunarleyfi og stundað hafa nám erlendis. Þar ætti menntamálaráðuneytið einn aðila, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið annan og Hjúkrunarfélag Íslands hinn þriðja.

Þær kröfur eru gerðar til útlendinga, að þeir hafi næga kunnáttu í töluðu og rituð íslensku máli.

Um 3. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um sérnám og viðurkenningu á því. Nefnd sú, er fjallar um hjúkrunarleyfi sbr. 2. gr. undirbýr reglur og reglugerðir um sérnám í hjúkrun og fjallar einnig um umsóknir um sérfræðileyfi, bæði þeirra, er læra í skólum og sjúkrastofnunum hér á landi og erlendis.

Eins og tekið er fram í greininni, skal Hjúkrunarfélag Íslands tilnefna tvo fulltrúa, er vinna með nefndinni, þegar hún fjallar um kröfur um sérnám eða breytingar á því og skulu það vera sérfræðingar í viðkomandi greinum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin er samræmd lögum um aðrar heilbrigðisstéttir.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.